

Lárus Salómonsson:

GLÍMUMÁL

Hver er hin rétta isl. glíma og hvi er hún ekki glímd?

Ágæti Frímánn Helgason.

Hinn 16. þ.m. birtir þú grein í Þjóðviljanum og er fyrir-sögnin, „Glímusambandið leggur til atlögu við niðri“. Undir-fyrirsögn: „Ný glímulög, ákvæði um glímubúnað og fleiri járn í eldinum.“

Stórt orð Hákot. Minna mátti ekki duga, en leggja til atlögu. Ekki þarf að óttast, að atlögunennirnir bolist eða beiti niði. Greinin hefst með því, að blaðið hafi greint frá því fyrir nokkru, að Glímusambandið (skammstafað GLÍ) hafi boðað til blaðamannafundar og lýst starfi sínu og hafi það verið birt. Þeirri frétt geri ég skil síðar, enda eru það sjálf glímulög.

Eitt er eftirtektarvert, að GLÍ skuli bera járn sér til skirnar, sem til forna.

Stöðumat

Vegna þess, að glíman er sú íprótt, sem ég skipti mér nokkuð af, en fylglist þó með öðrum ípróttum, þá vil ég segja nokkuð um þessar seinustu fréttir af glímumálunum, og gagnvart orðum þínum, því glíman virðist engan málsvara eiga.

Ég þakka þér fyrir það, sem þú hefur skrifað bæði fyrir og síðar um glímu og aðrar ípróttir. Ég þakka þér einnig fyrir það sem þú ræðir um frá eigin brjósti með fréttinni frá GLÍ, því það gefur mér tilefni til að gera nokkrar athugasemdir við skoðun þína samhliða greininni í heild til GLÍ, sem vert er orðanna.

Ég mun eðlilega deila á þig líka

Þó ég hafi ekki ávallt verið þér sammála, þá hefi ég virt þin skrif.

Ég ætla ekki í ritdeilu við þig, enda ekkert tilefni til þess. Nei, ég vil ræða við þig um glímumálin, því þú hefur tekið skelegga afstöðu til þeirra mála. Ég vil leita eftir fróðleik og fá fram skoðun manna og reyna að fá glímuna fyrr og nú í sjónlinu. Um hana gætu þá fleiri tekið til máls. Þá yrði glíman í fortíð og nútíð sviðsett.

Þú hefur oftlega skýrt vel frá göðu og ljótu, réttu og röngu. Þú hefur talað gegn misferlum í glímumálunum og áfellt röng dómaraströf. Þú hefur talið upp nokkur atriði brota hjá dómurum. Eins og þú segir í gfein þinni var þetta fyrir 10–12 árum. En hverjir voru nú dómaraströf og hvað eru sumir þeirra að gera nú, ég spyr. Þú varst glögg-skyggn á, hvort mót fóru vel eða illa fram, borið saman við önnur mót.

Það eru jafnan tvær hliðar á hverju þili

Fyrirsögnin á grein þinni er í anda formanns GLÍ. Hann lætur oft fylgja með vel uppfærðu umbótastarfi sínu og sinna manna, það er GLÍ, og ávirðarfréttum, einhver upp-hröpunarorð gegn ókomnu boli og niði og slæmri glímu. Einnig um bol og nið og lélega glímumenn liðins tíma.

Menn vita þó að allar aldir og allar ípróttir hafa átt og eignast sína lélegustu árganga og hvert mót sína lélegustu menn.

Skyldi Kjartan halda að

hann vinni hina ungu kynslóð til fylgis við glímuna með því að ófrægja eldri tíma glímumenn og glímulag. Ég segi nei en tíminn og sagan sínir, hvað verður hinumegin við þilið.

Enginn málsvari

Glíman og glímumenn liðinna áratuga eiga engan málsvara, sem vill andmæla óheppilegum ummælum Kjartans og fleiri manna, sem hafa verið niðrandi, en ég hygg að hann hafi ekki valið þessi um-mæli sín af því að hann vilji niðra. Margir hafa talað við mig og sagt að sum ummæli Kjartans væru ótilhlýðileg, en enginn vill skrifa andmæli gegn þeim.

Ég veit að Kjartan hefur valið sum umæli sín úr þeim brunnum, sem skemmst var í, og þau ein var þar að finna. Því hann hefur ákveðinn vilja fyrir því, að aldrei sjáist bol né nið og glíman verði jafnvægisíprótt, og þetta hafa allir glímumenn viljað og vilja. Það veit hann og þess vegna fylgir hann málunum fram. Enda hefur glíman til dagsins í dag verið jafnvægisíprótt. Þó uppi sé hreyfing til að rýra þann stolta og styrka og getumikla niður fyrir getu þeirra sem haldnir eru minnimáttarkennd, en ekki karlmennsku.

Ekki feykja allar öldur faldi

Það er ekki nýtt á umbóta-alda risi í glímumálunum og sjálfri glímunni. Sögur og dæmi um slíkt finnast aftur í aldir. Hvortveggja var að menn deildi á um glímulag, glímutök og byltureglur, því sinn hvor síðurinn réði í lands-hlutunum. Einnig risu öldur upp um, að endurvekja glímuna, þar sem hún hafði fallið í dá.

Sú alda sem nú ris mun feykja faldi

Ég er sammála Kjartani og öllum um að unnenndur glímunnar þurfa að halda vöku sinni til velferðar glímunnar og hvetja til æfinga, nýbreytni og umbóta, því glíman á við tál-drægt og tækniríkt samfl og girnilegar ípróttir að keppa. En er ekki hægt að halda vöku sinni án lastyrðanna, sem eru að miklu leyti ýkingar, sprotnar af minnimáttarkennd þeirra, sem hafa töglin, en eiga þó eftir að draga í hagdirnar?

En okkur brestur þekkingu

Það sem ekki er vel sagt hjá þér er þegar þú ræðir um glímuna sem glímuprótt fyrir og nú; þar brestur þig þekkingu. Þó veit ég að þú glímdir nokkuð ungur og varst kapp-samur, enda kom kapp þitt fram og frækni í þinni sterku, landsþekktu bakvörn, bæði á hægri og vinstra kanti á þínu um fræga og langa knatt-spurnuferli. Ég hygg að tvennt sé líkt með okkur, ég hefi takmarkaða þekkingu á knattspyrnu og gæti ekki skrifað um hvort hún hafi breytt til þess betra eða verra síðast-liðin 60 ár. Eins er með þig, þú þekkir ekki hvernig glíman var og varð og hve mikilhæf íprótt hún er í dag. Ég mun síðar færa rök að þessu.

Um glímumót fyrir og nú

Þú talar um að glíman hafi misst fylgi og vinsældir; þetta



Greinarhöfundur

er ekki rétt. Glíman hefur átt mest fylgi og vinsældir frá 1919, sem hún hefur nokkurn-tíma átt. Hún hefur verið í sínum fegursta blóma nú síðastliðna áratugi, þó Emil Tómas-son segði í einni grein sinni, að glíman hafi verið einna verst á 4. og 5. tug aldar-innar.

Glímulöginn verða síðar rædd

Um nýjustu breytinguna á glímulögnum ræði ég síðar og lýsi því yfir að ég er á móti kyrrstæðu glímulagi og var hvatamaður að því að taka upp stigandina í byrjun. Ég er líka á móti því, að glíman verði gerð að leikbrellu, en það verður hún ef varnarrétt-



Gömul glímumynd: Magnús Kjartan og Helgi Hjörvar glíma

ur hins léttari og óstyrkari er rýrður svo, að leikbrellu eina þarf til þess að gera honum byltu. Ég er á móti því að bragðsökn og bragðfylling með útfærslu til byltu með snar-leik, kunnáttu og karlmennsku verði þurrkuð burtu og sú skoðun ríki að enginn megi njóta síns ágætis, sem sagt síns atgjörvis og ferðugleika.

Til athugunar

Ef við tökum til athugunar, að um 1900 voru hér engar aðrar ípróttir en sund og leik-fimi í mjög lítilfjörlegu kenslu og æfingaformi og nokkrar leikípróttir og afl-raunir, allt séð við villuskín mýrarljóss fásinnis og þekk-ingarleysis.

Einnig voru inni- og útleik-ir strjálbýlis það ein sem var til skemmtunar. Það var ekk-ert sem tók tímann frá fólki. Glíman skipaði því hæsta sess-inn, þó að sund og aðrar listir og þrekraunir væru að jöfnu ípróttir landnámsmanna.

Alda- og tímamótahvörf

Frá aldamótum fram á dag-inn í dag hefur glíman verið í baráttu við nýjar skemmti- og ípróttagreinir, sem eru óper-sónulegri en glíman og því að-gengilegri fyrir menn. Það þarf ekki að telja upp fyrir þér, Frímánn, allt það, sem nýir hættir og tækni hefur að bjóða gegn glímunni. Þetta hefur glíman þó staðið furðu vel af sér og aldrei verið jafn vel lærd, æfð og sótt en seinni áratugin, miðað við hvað samtíminn hefur haft upp á að bjóða, og einstaka menn skrifað sífellt last og nið um glímuna.

Pennabjástur

Menn sem skrifa um glímuna þurfa að gjörþekka allt varðandi glímuna, uppruna hennar og eðlislega list hennar í manninum. Já, þekka hana frá fornu og nýju, annars eru skrif þeirra pennabjástur.

Litið til baka

Þú talar um að GLÍ hafi unnið vel á stuttum tíma, og mun það rétt vera. Þú segir, að þar með ætti skoðun þín að rætast, sem þú settir fram í blaðagrein fyrir 10 árum, varðandi hvernig mætti vinna betur að vexti og viðgangi glímunnar og hamlá á móti að hún missti fylgi og vinsældir, en starfsemi kringum glímuna hafi einkennt af því.

Með þessum orðum þínum minnir þú mig á margt frá liðnum árum, og ég lít til baka.

Ípróttir

Ég vann að stofnun glímusambands

Á þeim árum sem sá Kjart-an, sem nú er formaður GLÍ var framkvæmdastjóri ÍSÍ, þá vann ég að stofnun glímusambands að beiðni Ben. G. Waage og Kjartans. Ég hafði að fullu lokið undirbúningi til stofnunar glímusambands, og skjöl þar að lútandi eiga að vera til.

Ég og fleiri töldum þá, að nauðsynlegt væri að stofna sambandið, en víti menn, það er þáverandi framkvæmda-stjóri ÍSÍ, en nú formaður GLÍ, sem sagði mér að starfi mínu hefði verið komið fyrir róða.

Ég vann að endursamningu reglna fyrir GRR og þar kom ég inn skammstöfun GLÍ.

Svo sterk og vakandi var ósk mín og skoðun um stof-nu glímusambands.

Ég hvatti til

Ég hvatti til að glíman væri látinn byrja með stigandi. Ég og fleiri hvöttum til að vanda til glímubeltanna og ræddum um umbætur á þeim. Ég hvatti til að glíman yrði kennd úti á landi og síðan komið á fjór-ungsglímum eða sýslumótum.

Við öllu þessu var dauf-heyrzt, og var sem sumir fitu-uðu á því að stjórn ÍSÍ gerði sem minnst. Ég hvatti til þess að hafðar yrðu dómstarfsæf-ingar fyrir dómara og væri þá fundið að störfum þeirra. Ég lagði til að ákveðnir dómara væru skipaðir til eins árs í senn og skyldaðir til að mæta við dómaraströf á æfingum fél-laganna í hverjum mánuði. Ég vildi láta semja reglugerð um réttindi og skyldur dómara gagnvart keppendum og um leið ípróttinni.

Engu af þessu var komið í framkvæmd. Þorsteinn Einar-son hefur þó oft fært mér þakki fyrir mörg góð ráð og tillögur, sem ég hafi lagt til, en þetta eru hans orð, án efnda. Þó við Þorsteinn séum ekki sammála um glímulöginn og fleira, þá hefur hann oft verið hlýr til mín og mun hann þá reka minni til, að þegar hann sem háleggjaður unglingur kom fyrst á glímuaefingar, þá tók ég hann að mér og kenndi honum réttan fótaborð, stig-andi glímu og bragðstöðu og

varnir og brögð, en sjaldan launar kálfur ofeldið.

Ég var fenginn til að dæma

Vegna hvatninga minna og umbótavilja var ég eitt sinn fenginn til að dæma stórmikla kappglímu ágætara glímumanna og átti ég að vera strangur, (ég held að sumir hafi glímt ver en þeir áttu að sér) til að vita hve strangur ég yrði.

Ég dæmdi nokkrar vítabylt-ur, en síðar kom í ljós, að mörgum þótti ég hafa verið of strangur. Svo er nú það.

Ég vildi að dómaraströðu saman fyrir kappmót og brýndu fyrir glímumönnum að glíma vel og brjóta ekki glímu-reglurnar. Ég og fleiri dómara-gerðum þetta stundum.

Í seinni tíð, er ég vakti máls á þessu, var mér sagt góðlega, að mér kæmi þetta ekki við, og í fleiri hlíðstæðum fékk ég sömu svör.

Engin nýjung

Það er engin nýjung að ætla að koma á 3ja eða 5 manna sveitakeppni. Ég og samstarfs-menn mínir í GRR um-söldum langhund glímubókarnefndar og gerðum úr honum þau glímulög, sem gíltu frá 1951 til þessa tíma. Þó var sumu breytt í prentun til hins verra, bæði ákvæðum og orða-lagi, án leyfis yfirvaldanna, og var sliks von frá báðum hlið-um, og því urðu nú löginn með þeim ágöllum, sem enn má sjá. Ég kom þá inn í löginn, að glímu mætti þreyta á þennan hátt (á 5 vegu).

Þó ákvæðin um sveitakeppni væri í lögnum var slíku móti aldrei komið á, vegna vilja-leysis þeirra, sem réðu.

Þátttökuréttur

Ég og fleiri höfum einnig oft lagt til að þátttökuréttur í mót-um væri byggður á ákveðinni lágmarkskunnáttu. Einnig að menn yrðu að glíma sig upp í beztu hóp glímumanna.

Einnig að efstu menn úr beztu flokkunum fengju að taka þátt í Íslandsglímunnar og yrðu þeir menn að glíma fleiri en eina lotu til að sigra. Þetta myndi tryggja að menn væru betur æfðir og um leið betri glímumenn, og þá fengju á-horfendur að sjá það beztu og Framhald á 2. síðu.

KR reisir næststærsta ípróttasal á landinu

Áætlað að framkvæmdir hefjist á vori komanda

□ Áætlað er að framkvæmdir við byggingu nýs ípróttasalar við félagsheimili KR vð Kaplaskjólsvæg hefjist á næsta vori. Teikningar að hinum nýja sal, ásamt búningsklefum, baðherbergjum og áhaldageymslum eru fyrir-liggjandi og hafa þegar verið samþykktar af byggingar-nefnd Reykjavíkur. Þarna verður um að ræða annan stærsta sal landsins, 22x44 metra, og aðeins salurinn í Laugardal er stærri eða 32x47 metrar.

Frá þessu er skýrt í nýju hefti af Félagsblaði KR. Gísli Halldórsson, formaður hús-stjórnar KR, segir í viðtali að salurinn sem nú er notaður í KR-húsinu sé 16x32 m og má af þeim samanburði nokkuð marka stærð hins væntanlega ípróttasalar, en auk hans verða reist rúmgóð búningsherbergi,

bað- og þurrkerbergi og á-haldageymsla. Einnig verður í þessum byggingaráfanga komið fyrir gufubaðstofu í sömu ál-munni. Sjálfur ípróttasalurinn verður í sömu línu og núver-andi skáli, norður en ekki sam-liggjandi honum. Hinsvegar mun álma sú, sem búningsklef-arnir eru í vera áframhaldand

og tengja þannig saman bygg-ingarnar.

Þrír byggingaráfangar

Gísli Halldórsson, segir í fyrrgreindu viðtali, að við byggingarframkvæmdir verði ekki lokið á næsta sumri, til þess hafi félagið ekki bolmagn. Byggt verður í þremur áföng-um. Í þeim fyrsta verður lokið við að steypa undirgölfnið, í öð-ru áfanga verður stefnt að því að gera bygginguna fólkhelda og í þriðja og síðasta áfanga verður síðan fullgengið frá byggingum þessum.

Gísli segir enn fremur, að bú-ast megi við því að steinsteypt undirgölfnið standi um einhvern tíma, en það ætti þó að geta

komið að ýmsu gagni. Framlag borgarsjóðs til framkvæmd-anna verður um 30%, 40% og framlag úr ípróttasjóði, en af-gangurinn kemur frá félaginu. Mun nokkurt fé vera fyrir hendi hjá KR til framkvæmd-anna, en að sjálfsögðu verður það eitt meginverkefni hús-stjórnar að vinna að fjárfun-inni.

★

Félagsblaðið KR er að þessu sinni mjög myndarlega úr garði gert og flytur margvis-legt efni um félags- og ípróttastarfið KR á liðnum misserum. Myndir fjölmargar og mörg viðtöl við eldri og yngri KR-inga eru í blaðinu.